



Alþingi
Erindi nr. P 134/23
komudagur 23.7.2007

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 - Reykjavík

Laugalandi 19.07.2007
Tilv: þingskj. 6 – 6. mál.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um friðlandið í Þjórsárverum og verndun Þjórsár.

Á fundi hreppsnefndar Ásahrepps þann 17. júlí s.l. var tekin fyrir tillaga til þingsályktunar um friðlandið í Þjórsárverum og verndun Þjórsár 6. mál.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Á síðasta vetri skilaði nefnd af sér þar sem farið var yfir mögulega stækkun friðlandsins. Nefndin var skipuð fulltrúum sveitarfélaganna beggja megin árinna og fulltrúa frá umhverfisráðuneyti. Sjá skýrslu um tillögur um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum frá 14. mars 2007. Hreppsnefnd Ásahrepps styður ofangreindar tillögur frá 14. mars 2007. Varðandi verndun í neðri hluta Þjórsár er bent á að fyrirhuguð Urriðafossvirkjun er inná núgildandi aðalskipulagi Ásahrepps frá 2002 til 2014.”

Virðingarfyllst, f. h. hreppsnefndar

Eydis Þ. Indriðadóttir
oddviti

Hjál:

Tillögur um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum 14. mars 2007, hluti skýrslu.

Alþingi
Erindi nr. Þ 134/24
komudagur 16.8.2007



Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mál: 2007-1040

Reykjavík, 13. ágúst 2007

Efni: Umsögn FÍN um tillögu til þingsályktunar um friðland í Þjórsárverum og verndun Þjórsár, 6. mál.

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) barst bréf dags. 28. júní 2007 frá Umhverfisnefnd Alþingis þar sem farið er á leit að FÍN veiti umsögn eigi síðar en 10. ágúst 2007 um tillögu til þingsályktunar um friðland í Þjórsárverum og verndun Þjórsár, 6 mál.

Að svo komnu máli hefur Félag íslenskra náttúrufræðinga ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Með kveðju

f.h. formanns FÍN,
Marianna H. Helgadóttir
framkvæmdastjóri FÍN

Alþingi
Erindi nr. P 134/25
komudagur 16.8.2007

Umhverfisnefnd Alþingis
 Selma Hafliðadóttir
 nefndarritari
 Alþingi v/Austurvöll
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. ágúst 2007
 2007060023/42-1-3
 SB/mfb


Stækkun friðlands í Þjórsárverum og verndun Þjórsár (6. mál)

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags 28. júní sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og verndun Þjórsár. Tillagan er þriðja. Í fyrsta lagi er lagt til að fallið verði frá áformum um Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum og frekari virkjanir í Þjórsá en orðið er. Í öðru lagi að vernd Þjórsárvera verði tryggð í heild sinni með stækkun friðlandsins þannig að það nái til náttúrulegra marka veranna ásamt með Þjórsá og nærliggjandi svæða að Sultartangalóni. Í þriðja lagi að stækkað Þjórsárverafriðland verði sem fyrst tilnefnt á heimsmínjaskrá UNESCO. Efnislega samhljóða tillaga til þingsályktunar hefur verið lögð fram á Alþingi árlega síðan á 127. löggjafarþingi 2001 - 2002.

Náttúrufræðistofnun Íslands gaf fyrst umsögn um þetta mál með bréfi dags. 11.12.2001. Í niðurlagi bréfsins segir: "Að mati Náttúrufræðistofnunar er æskilegt að stækka mörk friðlands í Þjórsárverum þannig að þau nái til þess samfellda gróðurlendis sem verin eru hluti af. Friðun gróðurvinja neðar við Þjórsár, svo og fossaraðarinnar er einnig æskileg..." Náttúrufræðistofnun er enn sama sinnis.

Náttúrufræðistofnun telur einnig æskilegt kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að tilnefna stækkuð Þjórsárver á heimsmínjalista UNESCO.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
 forstjóri

